

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

2. tbl. 4. árg.

4. febrúar 2026



Myndin hér að ofan var tekin þegar fyrstu hlauparar skiluðu sér yfir marklinu í Kerlingarskarðshlaupinu í fyrra.

Skipuleggja hlaup yfir Kerlingarskarð í sumar

Kerlingarskarðshlaupið var haldið í fyrsta sinn í lok maí 2025 og hlaut góðar undirtektir. Hlaupið verður haldið aftur í ár þann 23. maí næstkomandi. Um er að ræða 14 km langt utanvegahlaup sem fer fram á malarslóða í gegnum Kerlingarskarð. Leiðin tengir saman suður- og

norðurhluta Snæfellsness og býður upp stórbrotna náttúru í Kerlingarskarði. Hlaupið hefst á norðanverðu nesinu, við afleggjarann að Kerlingarskarði, og lýkur á sunnanverðu nesinu. Gert er ráð fyrir rútuferðum frá Stykkishólmi að rásmarki, einni til tveimur drykkjarstöðvum á

leiðinni og verðlaunum fyrir fyrstu þrjú sætin. Hlaupið er ætlað bæði heimafólki og gestum sem vilja sameina hreyfingu, útivist og upplifun í náttúru Snæfellsness. Skipuleggjendur hlaupsins eru Hólmarnir Emil Einarsson, Heiða María Elfarsdóttir og Björg Gunnarsdóttir.

Vakin er athygli á því að þátttakendur þurfa að skrá sig til leiks en skráning fer fram á net-skraning.is. Hægt er að kynna sér hlaupið nánar á facebooksíðunni *Kerlingarskarðshlaupið*. Hlaupið er m.a. styrkt af bæjarstjórn Stykkishólms.

Afmælishátíð skólastarfs í Stykkishólmi Opið hús 24. febrúar



Grunnskólinn í Stykkishólmi

Þriðjudaginn 24. febrúar 2026 verður merktum tímamót í sögu skólahalds í Stykkishólmi fagnað. Á þessu ári eru liðin 130 ár frá því að rekstur barnaskóla hófst í Stykkishólmi, eftir byggingu fyrsta skólahússins árið 1896. Í fyrra voru liðin 90 ár frá því að Barnaskólinn í Stykkishólmi við Skólastíg var tekinn í notkun (1935), bygging sem í dag hýsir Tónlistarskóla Stykkishólms. Þar að auki voru í fyrra 40 ár frá vígslu núverandi skólabyg-

gingar grunnskólans við Borgarbraut.

Af þessum merku tilefnum mun sveitarfélagið bjóða í opið hús í Grunnskólanum í Stykkishólmi, við Borgarbraut, þriðjudaginn 24. febrúar frá 12:00 til 13:30. Þar gefst gestum og gangandi tækifæri til að kynna sér nýja innviði og aðstöðu fyrir skóla- og frístundastarf í Stykkishólmi og jafnframt minnst hinnar merkilegu sögu skólahalds í Stykkishólmi.

Bættir innviðir

Til þess að mæta vexti samfélagsins og stöðugri íbúafjölgun undanfarin tíu ár réðist sveitarfélagið á síðasta ári í umfangsmiklar fjárfestingar í innviðum skólans, með það að markmiði að gera stjórnendum kleift að skipuleggja kennslu, stoðþjónustu og frístundastarf með fjölbreyttari, nútímalegri og sveigjanlegri hætti. Jafnframt var lögð áhersla á að nemendur nyttu aukins

rýmis og betri aðstöðu til náms, sköpunar og samveru, sem stuðlar að aukinni vellíðan, virkni og jákvæðari skólabrag. Hér er því um að ræða tilvalið tækifæri til að kynnast nýjum innviðum og þeirri þróun sem hefur átt sér stað í skólastarfi undanfarin ár. Nemendur og starfsfólk skólans vinna nú að því að útfæra hátíðarhöldin en nánar verður fjallað um málið á stykkisholmur.is þegar nær dregur.



Húsnæðismál skólans hafa tekið stakkaskiptum.



Húsnæði Regnbogalands sem tengt er íþróttamiðstöð.

Aukin upplýsingargjöf til 60 ára og eldri



Fyrsta tölublað Helstu fréttar kom út 3. apríl 2023.

Á 8. fundi öldungaráðs Stykkishólms, þann 5. desember sl., lagði ráðið ríka áherslu á mikilvægi góðrar og aðgengilegrar upplýsingagjafar til eldra fólks. Jafnframt ítrekaði öldungaráð mikilvægi áframhaldandi góðrar samvinnu milli sveitarfélagsins og Aftanskins um þjónustu og upplýsingamiðlun til þessa hóps.

Í samræmi við bókun öldungaráðs hyggst sve-

itarfélagið, í samvinnu við Aftanskin, auka upplýsingagjöf til eldra fólks með því að draga saman helstu upplýsingar um þjónustu við eldra fólk í sveitarfélaginu. Þar er bæði átt við þjónustu á vegum sveitarfélagsins, starfsemi Aftanskins sem og aðra þjónustu sem skiptir máli fyrir þennan hóp. Í þessu sambandi stendur til að taka saman allar helstu upplýsingar um

þjónustu innan sveitarfélagsins og senda þær til allra íbúa 60 ára og eldri í sveitarfélaginu á komandi misserum.

Tilkynnt var um þetta í bréfi sem borið var í hús allra íbúa 60 ára og eldri í sveitarfélaginu nú á dögum. Með bréfinu fylgdi fyrsta tölublað Helstu fréttar ársins 2026. Blaðið hefur verið gefið út nær mánaðarlega frá byrjun apríl 2023 og er ætlað að bæta upplýsin-

gaflæði frá sveitarfélaginu, einkum til þeirra sem nýta tölvur eða samfélagsmiðla í minna mæli. Þá voru jafnframt íbúar, 60 ára og eldri, sem ekki eru skráðir í Aftanskin, hvattir til að ganga í félagið. Upplýsingar um inngöngu í félagið og aðra starfsemi þess má nálgast hjá formanni félagsins, Hönnu Jónsdóttur

Hræðileg helgi 13.-14. febrúar

Helgina 13.-14. febrúar verður mikið um að vera í Stykkishólmi þegar fram fer Hræðileg helgi í Hólminum. Félag atvinnulífs í Stykkishólmi stendur fyrir glæpa- og draugahátíðinni Hræðileg helgi. Dagskrá hátíðarinnar er þétt en

meðal annars geta gestir hátíðarinnar spreytt sig á morðgátu yfir helgina. Mikið púður hefur verið lagt í morðgátuna en í Tónlistarskóla Stykkishólms verður opinn vettvangur glæps þar sem rannsakendur geta spreytt sig á því að ley-

sa morðgátu. Hræðileg helgi í Hólminum hefur vakið mikla lukku undanfarin ár. Dagskráin í ár er yfirgripsmikil og þar ættu flestir að finna eitthvað við sitt hæfi. Hægt er að kynna sér dagskrá hátíðarinnar á baksíðu blaðsins.

Sveitarfélagið Stykkishólmur gefur út fréttaritið Helstu fréttir mánaðarlega.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson, aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Fjárhagsáætlun 2026 - 2029 Jákvæður og stöðugur rekstur



Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms hefur samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 og þriggja ára áætlun 2027–2029. Áætlunin er unnin út frá forsendum og markmiðum sem bæjarstjórn setti í upphafi vinnu við gerð fjárhagsáætlunar og er afrakstur góðrar samvinnu kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélagsins og endurspeglar ábyrga fjármálastjórn, jákvæðan rekstur og nauðsynlegar en hóflegar innviðafjárfestingar.

Í fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun er lögð rík áhersla á aðhald og ábyrgð í rekstri sveitarfélagsins á sama tíma og þjónusta við íbúa er tryggð og efl. Fjárhagsáætlunin byggir á jafnvægi í rekstri, sterku veltufé frá rekstri og markvissri lækun skulda og skuldaviðmiðs á næstu árum.

Markmið fjárhagsáætlunar

Í forsendum er gert ráð fyrir 3,5% verðbólgu yfir árið 2026, 3,2% árið 2027, 2,5% 2028 og 2,5% árið 2029, í samræmi við þjóðhagsspá sem gefin er út af Hagstofu Íslands. Gert er ráð fyrir því að meðalraunvextir lána verði um 2,6% á árunum 2026–2029. Auk framangreinds gera forsendur ráð fyrir því að gjaldskrár sveitarfélagsins muni almennt hækka um 4% á ári á árunum 2026–2029.

Helstu markmið fjárhagsáætlunarinnar eru að tryggja jafnvægi í rekstri á tímabilinu, að framlegðarhlutfall haldist um 15%, að veltufjárhlutfall nálgist 0,7 og að reksturinn skili nægu fé til að standa undir afborgunum lána. Gangi áætlanir eftir lækkar skuldaviðmið

sveitarfélagsins í 99,7% árið 2026 og fer niður í 83% árið 2029 sem er vel undir lögbundnu 150% hámarki.

Jákvæður og stöðugur rekstur - Jafnvægisregla uppfyllt

Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu A- og B-hluta upp á 133,5 milljónir króna á árinu 2026 og veltufé frá rekstri sem nemur 295 milljónum króna. Handbært fé í árslok er áætlað 86 milljónir króna.

Í 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er að finna tvö fjárhagsleg viðmið, jafnvægisreglu og skuldaviðmið. Hvað jafnvægisregluna varðar þá kveður hún á um að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta séu á hverju

þriggja ára tímabili ekki hærri en reglulegar tekjur. Samkvæmt fyrirbyggjandi ársreikningi 2024, útgönguspá 2025 og fjárhagsáætlun 2026–2029 er jafnvægisreglunni vel mætt í rekstri sveitarfélagsins.

Áætlunin endurspeglar þannig stöðugan rekstur og er í samræmi við staðfestan ársreikning 2024 og útgönguspá fyrir 2025 og sýna niðurstöður að rekstur sveitarfélagsins hefur náð jafnvægi á ný eftir krefjandi ytri aðstæður síðustu ára.

Skuldaviðmið og skuldahlutfall lækka áfram - Langt undir lögbundnum viðmiðum

Hvað skuldaviðmið varðar þá kveða sveitarstjórnarlög um að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skuli ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.

Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2026–2029 er gert ráð fyrir að skuldaviðmið verði 99,7% á árinu 2026 sem er langt undir lögbundnum viðmiðum og lækki árlega og verði 83% í árslok 2029.



Lækkun álagninga- gahlutföllum fasteignagjalda, stuðningur við heimili og atvin- nulíf

Í fjárhagsáætlun 2026 var lögð sérstök áhersla á að mæta íbúum og fyrirtækjum með lækkun fasteignagjalda og annarra álagningarliða sem tengjast fasteignum. Álagningarstuðull fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði lækkar í 0,38%, lóðarleiga á íbúðarhúsnæði lækkar í 0,95% og holræsagjald í A-flokki lækkar í 0,15%.

Á atvinnuhúsnæði lækkar fasteignaskattur í 1,50%, lóðarleiga í 1,99% og holræsagjald í 0,18%. Þessar breytingar eru til þess fallnar að draga úr áhrifum hækunar fasteignamats og léttu undir með heimilum og atvinnurekendum í sveitarfélaginu.

Hóflegar fjárfestingar og áhersla á niðurgreiðslu lána á næstu árum

Fjárfestingaáætlunin gerir ráð fyrir 400 millj. kr. í fjárfestingahreyfingum á árunum 2026–2029, en fjárfestingar verða fjármagnaðar með hóflegri lántöku, veltufé frá rekstri og sölu eigna. Á sama tíma er lögð sérstök áhersla á að halda áfram markvissri niðurgreiðslu skulda. Á næstu fjórum árum er gert ráð fyrir rúmlega 1.000 milljóna króna afborgunumlangtímalána, sem skilar sér í áframhaldandi lækkun skuldaviðmiðs og bættum efnahag sveitarfélagsins. Með þessari nálgun er tryggt að fjárfestingar sem styrkja grunninnviði og þjónustu við íbúa stefni ekki fjárhagslegum stöðugleika sveitarfélagsins í hættu. Þvert á móti er horft til þess að skuldahlutföll

haldi áfram að lækka á tímabilinu, jafnvel þótt ráðist sé í nauðsynlegar framkvæmdir sem styðja við vaxandi samfélag og áframhaldandi þróun sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Stykkishólmur byggir á traustum grunni og framtíðin er björt

Sveitarfélagið Stykkishólmur hefur á undanförunum árum byggt upp traustan rekstrargrundvöll og aukið fjárhagslegt sviðgrúm, á sama tíma og mætt hefur verið stöðugri fjölgun íbúa með aukinni þjónustu og nauðsynlegum innviðafjárfestingum, m.a. viðbyggingum við skólamannvirki og uppbyggingu í Víkurhverfi. Reksturinn hefur náð jafnvægi þrátt fyrir framangreint og skuldahlutföll haldið áfram að

lækka, í samræmi við markmið bæjarstjórnar um ábyrga fjármálastjórn.

Lögð hefur verið áhersla á að skapa eftirsóknarvert umhverfi fyrir fólk og fyrirtæki, standa vörð um öfluga grunnþjónustu, sérstaklega fyrir börn, fjölskyldur og eldra fólk, og sækja af ábyrgð fram með samfélagslega mikilvægum innviðafjárfestingum.




Þessar áherslur endurspeglast í samþykktri fjárhagsáætlun 2026–2029 sem heldur áfram á sömu braut, styður við áframhaldandi uppbyggingu og gerir sveitarfélaginu kleift að bregðast við þörfum vaxandi samfélags.

Hægt er að skoða fjárhagsáætlunina á vefsíðu sveitarfélagsins stykkisholmur.is

Uppselt á þorrablótið í Stykkishólmi

Miðasala á þorrablót Hólmara og Helgellinga fór fram í Íprótamiðstöð Stykkishólms sunnudaginn 1. og mánudaginn 2. febrúar. Óhætt er að segja að sala hafi gengið vel en mikil aðsókn var í miðastrax þegar sala opnaði á sunnudeginum. Örfáir miðar voru enn lausir þegar sala opnaði á mánudegi en þeir seldust fljótt upp. Þorrablótið

verður haldið í Íprótamiðstöð Stykkishólms þann 7. febrúar næstkomandi og ljóst að mikil eftirvænting ríkir í samfélaginu. Nefndin auglýsti nú á dögnum að hljómsveitin Bylur haldi uppi stuðinu að skemmtiatriðum loknum. Þá má einnig sjá óvenju bjartsýna veðurspá fyrir þorrablótshelgina frá Sigga Stormi á samfélagsmiðlum nefndarinnar.



Brák auglýsir íbúðir til leigu og býður í opið hús



Brák íbúðafélag á 12 íbúðir í Víkurhverfi. Þær eru í gula-, rauða- og bláa húsinu. Í græna húsinu eru einnig fjórar íbúðir en þær eru til sölu á almennum markaði.

Brák hses. íbúðafélag hefur auglýst eftir umsóknum um leigu á íbúðum að Bauluvík 2. Níu íbúðir eru auglýstar lausar til umsóknar en þegar er búið að ganga frá leigusamningum fyrir þrjár íbúðir. Brák íbúðafélag er rekið án hagnaðarmarkmiða og er markmið Brákar

íbúðafélags hses. að bæta húsnæðisöryggi tekju- og eignaminni fjölskyldna og einstaklinga. Uppbygging þessara íbúða er í sam-

ræmi við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins og er gott dæmi um blandað samstarfsverkefni þar sem húsnæðisstuðningur sveitarfélagsins og ríkisins er nýttur til uppbygginga íbúða utan höfuðborgarsvæðisins. Hægt er að kynna sér stærðir íbúðanna og leiguverð á stykkisholmur.is. Umsóknarfrestur er til og með 11. febrúar en áætlaður afhendingartími íbúðanna er frá 23.febrúar 2026. Brák íbúðafélag býður íbúa sveitarfélagsins og aðra áhugasaman velkomna á opið hús miðvikudaginn 4. febrúar milli 16:30 og 17:30 þar sem íbúðirnar verða til sýnis.



Bauluvík 2.



Bjartar og snyrtilegar íbúðir.



Brák íbúðafélag gerir ráð fyrir að fyrstu íbúðirnar verði afhentar 23. febrúar næstkomandi.



Unnsteinn Logi Eggertsson ráðinn í stöðu launafulltrúa



Unnsteinn Logi Eggertsson, nýráðinn launafulltrúi, ásamt barnabarni sínu.

Unnsteinn Logi Eggertsson hefur verið ráðinn í stöðu launafulltrúa hjá Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Staðan var auglýst í desember síðastliðinn. Alls sóttu sex manns um stöðuna.

Unnsteinn Logi lauk háskólaprófi frá Tækniskólanum sem iðnrekstrarfræðingur í desember 1997. Lengst af hefur Unnsteinn sinnt rekstri í ferðaþjónustu með gistingu, golfvallar- og veitingarekstri og býr að reynslu sem nýtist vel í nýju starfi. Í dag sinnir Unnsteinn stöðu framkvæmdastjóra hjá GF (Golfklúbburinn Flúðir) og fer með yfirumsjón með daglegum rekstri klúbbsins, sinnir launamálum, gerð ráðningasamninga ofl.

Þá býr Unnsteinn einnig yfir reynslu af málefnum sveitarfélaga en hann sat í sveitarstjórn Hrunamannahrepps 2014-2018 og hefur setið í

ýmsum fastanefndum sveitarfélagsins ásamt samstarfsnefndum á vettvangi sveitarfélagana á Suðurlandi.

Frá 1. janúar 2015 hefur Ríkharður Hrafnkelsson gengt stöðu mannaúds- og launafulltrúa hjá sveitarfélaginu en hann lætur af störfum 27. mars næstkomandi. Ríkka eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf í þágu samfélagsins og gott samstarf. Þá er Unnsteini Loga óskað til hamingju með nýju stöðuna og velfarnaðar í starfi. Gert er ráð fyrir að Unnsteinn Logi hefji störf fyrir sveitarfélagið um miðjan marsmánuð.

Opið fyrir styrkumsóknir bæjarstjórnar



Hljómsveitin Skelbót á tónlistarhátíðinni Heima í Hólmi 2025, en hátíðin var styrkt af bæjarstjórn Stykkishólms.

Bæjarstjórn Stykkishólms auglýsir eftir styrkumsóknum í samræmi við reglur um styrkveitingar. Markmiðið

með styrkjum bæjarstjórnar Stykkishólms er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og

framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun samfélagsins, menningarlífs, lífs- gæðum og fjölbreytilegu

mannlífi og öfluglu íþróttar- og æskulýðsstarfi. Skilyrði styrkveitinga er að atburður eða verkefni sé í sveitarfélaginu, en varðandi íþróttar- og æskulýðsstarf er það skilyrði að umsækjendur skuli hafa lögheimili í sveitarfélaginu. Hægt er að senda inn umsókn á íbúagátt Stykkishólms. Einnig má skila umsóknum í afgreiðslu Ráðhússins í Stykkishólmi eða í tölvupósti á netfangið, stykkisholmur@stykkisholmur.is. Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar 2026.



HRÆÐILEG HELGI Í HÓLMINUM

Glæpa og draugahátíðin Hræðileg helgi fer fram í Stykkishólmi dagana 13. og 14. febrúar næstkomandi.

Morðgáta, glæpir & draugar í Hólminum.

Hólmarar eru búnir að búa til spennandi morðgátu sem þarf að leysa. Hver er fórnarlambið og hver morðinginn? Komdu í Hólminn og leystu morðgátuna! ATH. 2-4 saman í liði.

FÖSTUDAGUR 13. FEBRÚAR

Kl. 14:00-17:00 Amtsbókasafnið
Hræðilegur ratleikur fyrir börn.

Kl. 16:00 - 17:00 Norska húsið
Barnadraugahús.

Kl. 17:00 Tónlistarskólinn í Stykkishólmi
Morðgáta.
Morðgátu vettvangur verður opin:

Föstudag: kl. 17:00 - 22:00

Laugardag: kl. 13:00 - 18:00

Svari við morðgátunni skal skilað í kassa á Fosshótel, hægt er að skila svari til kl. 20:00 laugardaginn 14. febrúar.

Kl. 19:30 - 20:30 Norska húsið
Draugahús fyrir fullorðna opið.

Kl. 21:00 Fosshótel
Hugleikur Dagsson húmoristi, listamaður og einlægur aðdáandi hryllingsmynda verður með svæsna umfjöllun og sýnir brot af því besta

LAUGARDAGUR 14. FEBRÚAR

Kl. 12:30 Tónlistarskólinn í Stykkishólmi
Jazzhrekkur - ókeypis fjölskyldutónleikar

Kl. 14:00 - 16:00 Sjávarpakkhúsið

Kl. 14:00 Vandræðamenn og skaðræðisgripir í hópi förufólks fyrri alda. Jón Jónsson þjóðfræðingur fjallar í erindi sínu um nokkra förumenn frá fyrri öldum sem þóttu sérstaklega óvinsælir og varasamir gestir.

Kl. 14:45 "Að hvíla í friði": Útfarar- og greftrun-arsíðir í samtímanum. Dagrún Jónsdóttir þjóðfræðingur hefur að undanfögnu rannsakað breytingar á slíkum síðum og fræðir um okkur um þær.

Kl. 14:00 - 16:00 Sjávarborg

Kl. 14:00 "Að hvíla í friði": Útfarar- og greftrun-arsíðir í samtímanum. Dagrún Jónsdóttir þjóðfræðingur hefur að undanfögnu rannsakað breytingar á slíkum síðum og fræðir um okkur um þær.

Kl. 14:45 Vandræðamenn og skaðræðisgripir í hópi förufólks fyrri alda. Jón Jónsson þjóðfræðingur fjallar í erindi sínu um nokkra förumenn frá fyrri öldum sem þóttu sérstaklega óvinsælir og varasamir gestir..

Kl. 16:00 - 18:00 Norska húsið

Mjókurstofa - sýningarými: Opnun myndlistarsýningarinnar Svörtu verkin eftir Halldór Kristjánsson.

Risloft: Snæfellsnes fortíðar, þjóðfræðingurinn Anna Melsteð leiðir sýninguna og vekur sögurnar til lífsins í þessu draugalega en heillandi rými.

Léttar veitingar í boði.

Kl. 18:00 Frjáls tími, nú eru síðustu forvöð að finna út hver er morðinginn. Minnum á að panta borð á veitin-gastöðunum.

Kl. 20:00 Fosshótel

Glæpa Kviss, Anna Margrét Pálsdóttir sérleg áhugamanneskja um morð og glæpi, treður upp með glæpsamlegum spurningum.

Kl. 22:00 Skipper.

Opið frameftir - glæpa partí. Fáðu afslátt á barnum með því að láta mála þig í hræðlegum stíl.